

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

Fundur

Fundur haldinn í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra fimmtudaginn 7.6. 2016 að bæjarskrifstofu Blönduós, kl: 16. Mættir eru undirritaðir auk Sigurjóns Þórðarsonar framkvæmdastjóra og Sigríðar Hjaltadóttur.

Dagsskrá:

1. Ágúst Þór Bragason frá Blönduósbæ kynnir fráveitumál sveitarfélagsins.
2. Forráðamenn SAH koma á fund og kynna breytingar á mengunarvörnum.
3. Mengun í höfninni á Siglufirði, kynning á niðurstöðu eftirlits.
4. Starfsleyfi
5. Auglýsing á starfsleyfisskilyrðum fyrir sláturhús KVH.
6. Frágangur á fundargerðum.
7. Gagnagrunnur um fráveitumál.
8. Tiltektir á opnum svæðum á Norðurlandi vestra.

Afgreiðslur:

1. Ágúst Þór Bragason sviðsstjóri Blönduósbæjar kom á fundinn og var farið í fylgd hans í skoðunarferð í skolphreinsistöð Blönduósbæjar sem er orðin 15 ára. Kynnti Ágúst fráveitukerfi bæjarins og þær áætlanir sem uppi eru um að ljúka því sem ólokið er en það er einkum að tengja þann hluta bæjarins sem er vestan við Blöndu.
2. Forráðamenn sláturhúss SAH komu á fund nefndarinnar, þau Árný Þóra Árnadóttir, Gísli Garðarsson og Ólafur R Ólafsson. Kynntu þau að settur verði upp 6 til 10 m reyk háfur fyrir 1. september nk. en áfram verði gert ráð fyrir að leiða reykinn niður í fjöru og sú leið verði nýtt þegar vindátt er hagstæð fyrir næstu nággranna. Nefndin fellst á að framangreind lausn verði reynd.
3. Nefndin fór yfir gögn málsins, ljósmyndir og eftirlitsskýrslu Sigríðar Hjaltadóttur heilbrigðisfulltrúa. Niðurstaða heilbrigðisfulltrúa var að yfirfall í dælubrunni hafi verið of stutt, þannig að rækjuskel barst út í höfnina um yfirfall og frárennslisrör. Fyrirtækið hefur brugðist við athugasemdum Heilbrigðiseftirlitsins. Nefndin óskar eftir upplýsingum frá Ramma um málið og skráningum sem fyrirtækið hefur gert í samræmi við lið 6.2 í starfsleyfi fyrirtæksins. Í greinargerðinni óskar nefndin að fram komi mat á framangreindri lausn frá sérfræðingi sem staðfestir að úrbæturnar séu þannig úr garði gerðar að málið komi ekki upp að nýju.
4. Starfsleyfi
 - a) Mál nr. 1206 reglug 941/2002
Sveinbjörg V. Lúðvíksdóttir v/Hagur Verk, Húnaveri A-Hún.
Kt: 511114-1440
Samþykkt til: 7.6. 2028
 - b) Mál nr. 1207 reglug. 941/2002
Áskell Heiðar Ásgeirsson v/Landsmót ehf. Hólum
Kt: 501100-2690
Samþykkt til: 1.8.2016
 - c) Mál nr 1208 reglug. 941/2002
Gígja Óskarsdóttir v/ Sundlaug Skagastrandar
Kt: 650169-6039

Samþykkt til: 7.6. 2028

- d) Mál nr. 1209 reglugerð 785/1999
Sveinn Zóphaniásson v/BÁS Steypustöðvar og vélaleigu
Kt. 611293-3059
Samþykkt til: 7.6. 2028
5. Starfsleyfisskilyrði fyrir sláturhús KVH. Samþykkt að auglýsa starfsleyfisskilyrði sem lögð voru fram.
6. Frágangur á fundargerðum. Málið kynnt.
7. Gagnagunnur um fráveitumál.
Lagt fram til kynningar.
8. Tiltekt á opnum svæðum í umdæmi nefndarinnar og lóðum fyrirtækja.
Ákveðið að Heilbrigðiseftirlitið fari í hreinsunaráttak á númerslausum bílum og opnum svæðum í samráði við sveitarfélög á svæðinu.
9. Önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Sigríður Magnúsdóttir
Haraldur Þór Jóhannsson

Guðný Helga Kristjánsdóttir
Anna Margrét Sigurðardóttir
Kristinn Kristjánsson